

Tillaga til þingsályktunar

um hvalveiðar.

Flm.: Guðjón Guðmundsson Einar K. Guðfinnsson, Stefán Guðmundsson,
Siv Friðleifsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Gísli S. Einarsson,
Guðmundur Hallvarðsson, Árni M. Mathiesen, Ólafur Örn Haraldsson,
Árni Johnsen, Magnús Stefánsson, Pétur H. Blöndal.

Alþingi ályktar að hvalveiðar skuli leyfðar frá og með árinu 1999 á þeim tegundum og innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til. Sjávarútvegsráðherra er falin framkvæmd veiðistjórnar á grundvelli gildandi laga.

Greinargerð.

Þessi tillaga var lögð fram á síðasta þingi en var ekki afgreidd og er nú endurflutt.

Árið 1983 ákváðu Íslendingar að mótmæla ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins. Sú ákvörðun var tekin eftir miklar umræður. Yfirgnæfandi meiri hluti þingmanna sem tjáðu sig um málið efaðist ekki um réttmæti hvalveiða hér við land. Hins vegar var mat margra að efnahagslegum hagsmunum okkar væri í hættu stefnt ef við héldum áfram hvalveiðum. Andstaða við slíkar veiðar væri mikil í markaðslöndum okkar og því væri ekki á það hættandi að halda veiðunum áfram.

Á þessum árum væntu menn þess líka að banni Alþjóðahvalveiðiráðsins yrði aflétt fyrr en síðar. Margir ætluðu að eingöngu væri um tímabundna ákvörðun að ræða sem standa mundi stutt. Jafnframt banni við hvalveiðum frá strandstöðvum ákvað ráðið að endurmeta ákvörðunina eigi síðar en árið 1990 í ljósi nýrra upplýsinga um ástand hvalastofna sem byggðar væru á vísindalegri ráðgjöf.

Skemmst er frá því að segja að það hefur ekki gengið eftir. Umræður í Alþjóðahvalveiðiráðinu hafa ekki tekið mið af vísindalegum forsendum. Þrátt fyrir að vísindalegar forsendur liggi fyrir um að hefja megi veiðar hefur meiri hluti aðildarþjóðanna þráast við. Á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins í Reykjavík vorið 1991 var lögð fram tillaga um nýtt stjórnunarkerfi sem vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins hafði samþykkt nær samhljóða. Tillagan var virt að vettugi.

Brot á sáttmála Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Þannig hefur það gengið ár eftir ár. Allar tilraunir til þess að fjalla um málið á vísindalegum grunni hafa reynst árangurslausar. Fram hefur komið, m.a. í hinu virta bandaríska fjármálatímariti Forbes 11. nóvember 1991, að leiða megi líkur að því að hvalfríðunarsamtök hafi fjármagnað þátttöku einstakra ríkja í því skyni að hafa bein áhrif á ákvarðanir ráðsins. Dæmi eru um að ríki í Alþjóðahvalveiðiráðinu hafi lýst skilyrðislausri andstöðu við hvalveiðar þótt það sé klárlega brot á sáttmála ráðsins þar sem segir svo í viðauka: „Hvalveiðar í atvinnuskyni skulu leyfðar á hvalastofnum, sem eru í jafnvægi og þær skulu stundaðar í samræmi við tillögur vísindanefndarinnar.“

Af þessum ástæðum sögðu Íslendingar sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu árið 1992.

Um þessar mundir er reynt að sætta ólík öfl innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Ljóst virðist þó að langt er í land með að samþykkt verði að hefja hvalveiðar á grundvelli vísindalegra ráðlegginga.

Þjóðin vill hvalveiðar.

Hér á landi hefur ætíð verið vilji til þess að hefja hvalveiðar að nýju. Þetta hefur komið fram í fjölmörgum skoðanakönnunum þar sem að jafnaði 80–90% landsmanna hafa lýst yfir stuðningi við að hefja hvalveiðar að nýju. Hagsmunasamtök hafa langflest lýst yfir afdráttarlausum stuðningi við hvalveiðar, sbr. fskj. II. Þess er skemmst að minnast að yfirgnæfandi meiri hluti lýsti þessari skoðun sinni þegar leitað var álits hagsmunasamtaka og fyrirtækja eftir að þingsályktunartillaga Guðjóns Guðmundssonar og Matthíasar Bjarnasonar var lögð fram á Alþingi á 116. löggjafarþingi árið 1992. Meðal hagsmunasamtaka sem þá hvöttu til hvalveiða voru heildarsamtök launafólks og útvegsmanna, auk sjómanna-samtaka og fleiri aðila.

Á Alþingi hefur líka komið fram greinilegur vilji þingmanna til þess að hvalveiðar megi hefjast að nýju. Í umræðum sem efnt hefur verið til hafa fjölmargir þeirra hvatt til þess að veiðar hefjist.

Má af þessu ráða að hugmyndin um hvalveiðar nýtur víðtæks stuðnings á meðal þjóðarinnar, innan hagsmunasamtaka og á Alþingi.

Réttur og skylda fullvalda þjóðar.

Ekki er um það deilt hér á landi að líffræðilegar forsendur eru til þess að hefja hvalveiðar hér við land að nýju. Íslendingar hafa verið talsmenn sjálfbærrar nýtingar á auðlindum. Augljóst er að sú hugmyndafræði er fullkomlega í samræmi við þá fyrirætlan að veiða hvali eins og aðrar nytjategundir í hafinu í kring um landið. Þeir vilja umgangast auðlindir sínar af varúð og ábyrgð og skila þeim í hendur komandi kynslóða í að minnsta kosti eins og góðu ástandi og þegar nýting þeirra hófst. Það er réttur og skylda fullvalda þjóðar að nýta auðlindina á ábyrgan hátt og í anda þeirrar stefnu um sjálfbæra nýtingu sem Íslendingar hafa gerst talsmenn fyrir. Af því leiðir að rétturinn til þess að nýta hvalastofna sem þola veiði er ótvíræður og sjálfsagður. Íhlutunarsemi erlendra ríkja og samtaka sem miðar að því að koma í veg fyrir að sá réttur sé nýttur er því afskipti af innanríkismálum og gengur um leið gegn þeirri hugmyndafræði varðandi auðlindanýtingu sem stjórnvöld hafa verið talsmenn fyrir innan lands og á erlendum vettvangi.

Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar.

Árum saman hefur Hafrannsóknastofnunin fjallað um stofnstærð nokkurra hvalategunda og veiðipól. Í ritinu Nytjastofnar sjávar 1997/98 fjallar stofnunin um hrefnu-, langreyðar- og sandreyðarstofninn, sbr. fskj. I. Varðandi hrefnuna er lagt til með vísan til úttekta vísindanefndar NAMMCO að aflamarkið verði 250 hrefnur á ári. Er þar um að ræða verulega aukningu frá árinu á undan. Um langreyðina segir Hafrannsóknastofnunin: „Þar sem engin fastmótuð aflaregla gildir fyrir langreyðarveiðina við Ísland leggur Hafrannsóknastofnunin til í varúðarskygni að ekki verði veiddar fleiri en 100 langreyðar á ári.“ Talið er að um 8.800 sandreyðar séu á íslenska talningasvæðinu en vegna þess að veiðipól stofnsins hefur ekki verið metið, né aflareglur þróaðar, leggur stofnunin ekki til ákveðið aflamark.

Álit NAMMCO.

Áttundi aðalfundur Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins, NAMMCO, var haldinn í Ósló dagana 1.–4. september sl. Fundinn sóttu sendinefndir frá aðildarlöndum ráðsins,

sem eru auk Íslands, Noregur, Grænland og Færeyjar. Enn fremur sátu fundinn áheyrnarfulltrúar ríkisstjórn Kanada, Danmerkur, Japans, Rússlands og St. Lúsíu, auk fjölda fulltrúa alþjóðastofnana og frjálsra félagasamtaka. Í fréttatilkynningu NAMMCO frá fundinum kemur m.a. annars eftirfarandi fram:

„Stjórnunarnefnd NAMMCO samþykkti að stofnstærð hrefnu á Mið-Atlantshafssvæðinu er nú nærri hámarki og að taka 292 dýra á ári (samsvarandi meðaltalsveiði frá 1980–84) væri því sjálfbær. Þetta er byggt á ástandsmati vísindanefndarinnar frá því í mars á þessu ári.“

Þetta er að sjálfsögðu staðfesting á því sjónarmiði sem Íslendingar hafa haldið fram. Álit NAMMCO af þessu tagi hlýtur því að styrkja stöðu Íslands í því sjálfsagða máli að geta nýtt auðlindir sínar á sjálfbæran og skynsamlegan hátt, jafnt hvalastofna sem aðra nytjastofna.

Áhrifin á útflutningsgreinarnar.

Í umræðunni um hvalveiðar hefur oft verið vikið að því að þær gætu haft fjárhagslegt tjón í för með sér fyrir íslenskt efnahagslíf. Er þá sérstaklega bent á útflutningsgreinarnar, einkanlega sjávarútveg og ferðaþjónustu. Ekki hefur þó með viðhlítandi hætti verið sýnt fram á réttmæti slíkra fullyrðinga. Öðru nær.

Þessi mál voru sérstaklega könnuð þegar úrsögn Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu var undirbúin. Í skýrslu nefndarinnar sem gerði tillögu um úrsögnina er vitnað á eftirfarandi hátt í fulltrúa Ferðamálaráðs sem kom fyrir nefndina: „Fulltrúi Ferðamálaráðs taldi að umtal í kjölfar úrsagnar Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu gæti jafnvel eft ferðaþjónustu héraendis. Fjölgun ferðamanna hingað til lands á undanförunum árum benti til þess að umræða fyrri ára um hvalveiðimál hafi síst skaðað Ísland sem ferðamannaland. Vísbendingar væru jafnvel til um hið gagnstæða.“

Segja má að þessi orð komi mjög heim og saman við reynslu Norðmanna. Margir í sjávarútvegi, útflutningsiðnaði og ferðaþjónustu óttuðust mjög áhrif hrefnuveiðanna sem Norðmenn hófu fyrir nokkrum árum. Sá ótti hefur reynst gjörsamlega ástæðulaus. Útflutningur hefur aukist, ferðaþjónustan eflst og aðsókn í hvalaskoðunarferðir Norðmanna vaxið, að sögn fulltrúa norska útflutningsráðsins sem hér var á ferð í fyrra.

Mikilvæg atvinnugrein sem stóð á eigin fótum.

Hinu má heldur ekki gleyma að hvalveiðar voru á sínum tíma afar mikilvægur þáttur í atvinnulífi landsins. Af veiðunum urðu miklar útflutningstekjur sem ætla má að gætu orðið enn meiri nú vegna verðþróunar á mörkuðum fyrir hvalaafurðir. Þessi atvinnugrein var mjög þýðingarmikil fyrir einstök sveitarfélög og héruð. Í því sambandi má nefna starfsemi Hvals hf. í Hvalfirði og Flóka hf. á Brjánslæk. Áður en hvalveiðibannið tók gildi árið 1986 höfðu um 250 manns starf af hvalveiðum og vinnslu á hvalvertíðinni, þ.e. frá því í júní til september ár hvert. Hér var um að ræða áhafnir hvalveiðibátanna, starfsfólk í hvalstöðinni í Hvalfirði og í frystihúsi Hvals hf. í Hafnarfirði. Á árunum 1980–85 stunduðu níu bátar hrefnuveiðar frá þó nokkrum stöðum við landið.

Af þessu má sjá að hvalveiðar höfðu mikla efnahagslega þýðingu fyrir íslensku þjóðina alla og fyrir einstök byggðarlög, fyrirtæki og einstaklinga. Ákvörðun íslenskra stjórnvalda um að hætta hvalveiðum hefur valdið fjárhagslegum skaða og eyðilagt blómlega atvinnugrein sem lagði marga milljarða í íslenska þjóðarbúið, en sóttist hvorki eftir opinberum styrkjum né annarri fyrirgreiðslu.

Hvalveiðar strax á næsta ári.

Þegar þessi mál eru skoðuð í samhengi blasir að við að öll rök hníga að því að hefja hvalveiðar innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til. Að sjálfsögðu er í valdi ríkisstjórnarinnar að heimila veiðarnar. Alþingi ákvað á sínum tíma, illu heilli, að mótmæla ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins. Með þessari þingsályktunartillögu er verið að gefa Alþingi kost á að taka nýja ákvörðun í ljósi yfirgnæfandi raka með því að hefja hvalveiðar strax á næsta ári.

Fylgiskjal I.

**Úr skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar:
Nytjastofnar sjávar 1997/98. Aflahorfur fiskveiðitárið 1998–99.
(Fjölrit nr. 67.)**

2.28. HVALIR

2.28.1 Hvalveiðar við Ísland og tímabundin stöðvun þeirra.

Stórhvalaveiðar voru stundaðar með hléum frá landstöðvum við Ísland í liðlega eina öld eða til ársins 1989. Frá árinu 1948 takmörkuðust veiðarnar við starfsemi stöðvarinnar í Hvalfirði. Þar voru lengst af fjögur skip að veiðum yfir vertíðarmánuðina júní–september. Að meðaltali voru veiddar 234 langreyðar og 68 sandreyðar á ári tímabilið 1948–85 og 82 búrhvalir árin 1948–82 (alfriðaður í Norður-Atlantshafi frá árinu 1982). Árið 1986 gekk í gildi ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni. Í samræmi við ákvæði hvalveiðisáttmálans var hins vegar veiddur takmarkaður fjöldi lang- og sandreyða í rannsóknarskyni árin 1986–89. Árin 1990–97 voru engar hvalveiðar stundaðar frá Íslandi.

Hrefnuveiðar hafa verið stundaðar á litlum vélbátum hér við land mestan hluta þessarar aldar. Veiðar þessar voru lengst af smáar í sniðum, nokkrir tugir dýra á ári. Á árunum 1977–85 ákvarðaði Alþjóðahvalveiðiráðið árlega veiðikvóta fyrir svæðið Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen og komu flest árin um 200 hrefnur í hlut Íslendinga. Vegna banns við hvalveiðum í atvinnuskyni hafa hins vegar engar veiðar á hrefnu verið leyfðar hér við land frá lokum vertíðar 1985.

2.28.2 Ástand stofna og veiðipól.

Samfara ákvörðun IWC um tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni var ákveðið að vinna að heildarúttekt á ástandi hvalastofna heimsins sem ljúka átti árið 1990. Í samræmi við þetta ákváðu íslensk stjórnvöld að stórefla hvalarannsóknir, m.a. með umfangsmiklum líffræðilegum athugunum, talningum (árin 1987, 1989 og 1995) og rannsóknum á áhrifum veiða á stofnana. Niðurstöður þessara rannsókna hafa fengið umfjöllun á vísindalegum vettvangi, m.a. innan IWC og innan Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins (NAMMCO). Þar hafa m.a. verið staðfestar niðurstöður um stofnstærðir hrefnu, lang- og sandreyðar á Íslandsmiðum og nærliggjandi hafsvæðum.

2.28.2.1 Hrefna.

Fyrirliggjandi gögn benda til þess að á Norður-Atlantshafi séu a.m.k. þrjár stofnar hrefnu með höfuðútbreiðslu á hvalveiðimiðunum við Vestur-Grænland, Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen (Mið-Atlantshafsstofn) og Norður-/Vestur-Noreg (Norðaustur-Atlantshafsstofn). Talningarnar 1995 tóku til tveggja síðarnefndu stofnanna. Samkvæmt þeim var heildarfjöldi

hrefna á talningasvæðinu um 184 þús. dýr, þar af teljast 72 þús. til Mið-Atlantshafsstofnsins. Á íslenska flugtalningasvæðinu, sem náði yfir landgrunnið umhverfis landið, voru um 56 þús. dýr. Þessar stofnstærðartölur hafa verið staðfestar af vísindanefnd NAMMCO.

Niðurstöður talninganna 1995 gefa meira en tvöfalt hærra mat á fjölda hrefna hér við land en eldri talningar. Aukningin stafar fyrst og fremst af hærra mati samkvæmt flugtalningunum á íslenska strandsvæðinu. Skýringar á þessum mun felast að mestu leyti í endurbættum aðferðum við úrvinnslu flugtalningagagna og stærra flugtalningasvæði árið 1995. Endurmat á flugtalningagögnum frá 1987 gaf þannig rúmlega tvöfalt hærri niðurstöðu en fyrra mat. Beinn samanburður á niðurstöðum flugtalninganna 1987 og 1995 er erfiður vegna þess að ekki náðist að telja á nokkrum mikilvægum svæðum árið 1987. Mat fyrir sambærileg svæði er þó 1,8-falt hærra árið 1995 en árið 1987. Munurinn er þó ekki marktækur vegna mikillar óvissu á matinu frá 1995 ($CV=0,31$) þótt líklegt megi teljast að stofninn hafi stækkað nokkuð frá því að veiðar lögðust af árið 1985.

Á ársfundi NAMMCO í mars 1997 var samþykkt beiðni til vísindanefndar ráðsins um að gera úttekt á ástandi Mið-Atlantshafsstofns hrefnu í ljósi nýrra gagna um stærð stofnsins. Sérstaklega var nefndinni falið að leggja mat á langtímaáhrif fyrrverandi og núverandi veiða á stofninn. Til að meta þessi áhrif var notað svonefnt Hitter-reiknilíkan. Til grundvallar lágu einnig opinberar tölur um hrefnuveiðar á tímabilinu 1930–1996. Skoðuð voru mismunandi gildi fyrir áætlaðan ársafrakstur (MSYR) sem var á bilinu 0–6% stofnstærðar á ári en einnig var spáð fyrir um stofnþróun tímabilið 1997–2001 að gefnum mismunandi forsendum um veiðar. Þessar prófanir voru gerðar bæði miðað við Mið-Atlantshafsstofninn sem eina heild og miðað við að íslenska strandsvæðið væri sérstakur stofn.

Niðurstaða vísindanefndar NAMMCO var að hvort sem litið væri á Mið-Atlantshafsstofninn í heild sinni eða eingöngu íslenska strandsvæðið væri stofninn nú nálægt upprunalegri stærð. Þær veiðar sem stundaðar voru úr stofninum meginhluta þessarar aldar hafa samkvæmt því haft hverfandi áhrif á stofnstærðina. Samkvæmt varfærnustu forsendum sem raunhæft þótti að nota í úttektinni var hámarksafrakstursgeta íslenska strandsvæðisins til langs tíma litið talin vera 253 dýr. Var þá bæði reiknað með lægri öryggismörkum varðandi stofnstærð (í stað miðgildis) og lágum afrakstursstuðli ($MSYR=2\%$). Einnig var þar gert ráð fyrir að hrefnan á íslenska landgrunninu væri sérstakur stofn, en hærri afrakstursgeta fékkst er miðað var við Mið-Atlantshafsstofninn í heild. Því má ljóst vera að hér er um mjög varlegt mat á veiðipóli að ræða.

Undanfarin ár hefur Hafrannsóknastofnunin lagt til að aflamark fyrir hrefnu verði 200 dýr á ári. Í ljósi framangreindrar úttektar vísindanefndar NAMMCO leggur Hafrannsóknastofnunin til að aflamarkið verði 250 hrefnur á ári.

2.28.2.2 Langreyður.

Árið 1991 var gerð sérstök úttekt á ástandi langreyðarstofna í Norður-Atlantshafi (sjá nánar Hafrannsóknastofnun, fjölrit nr. 25 og 29). Við stjórnun veiða hefur jafnan verið gert ráð fyrir að langreyðar á Norður-Atlantshafi skiptist í 7 stofna eða stofnsvæði, þ.e. svæðin við 1) Nova Scotia, 2) Nýfundnaland-Labrador, 3) Vestur-Grænland, 4) Austur-Grænland/Ísland, 5) Norður-Noreg, 6) Vestur-Noreg/Færeyjar og 7) Bretlandseyjar, Spán og Portúgal.

Samkvæmt talningum árin 1987 og 1989 (og fyrri merkingum við strendur Kanada) var áætlað að stofnstærð langreyðar á Norður-Atlantshafi væri a.m.k. 50 þús. dýr. Um 15.600 langreyðar voru á hafsvæðinu Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen, þar af um 8.900 milli Austur-Grænlands og Íslands, norðan 50° N. Samkvæmt talningunum 1995 voru um 18.900 langreyðar á hafsvæðinu Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen, þar af um 16.000 milli Austur-Grænlands og Íslands, norðan 50° N. Hér virðist því vera um nokkra fjölgun að

ræða í heildarstofnstærð og töluvert frábrugðið útbreiðslumynstur innan stofnsvæðisins. Lítil þéttleiki í jöðrum talningasvæðisins gæti þó bent til að talningin 1995 hafi náð betur utan um heildarútbreiðslusvæði stofnsins.

Þegar gert er ráð fyrir að stofnsvæði langreyðar, sem gengur á miðin vestan við landið, nái til hafsvæðisins milli Austur-Grænlands, Íslands og Jan Mayen, sýna útreikningar gott ástand stofnsins. Nýleg úttekt, byggð á talningagögnum frá 1987–89, bendir til þess að stofninn á þessu svæði þoli umtalsverðar veiðar, eða a.m.k. 100–200 hvali á ári. Nýjar talninganiðurstöður staðfesta þetta. Þar sem engin fastmótuð aflaregla gildir fyrir langreyðarveiðina við Ísland leggur Hafrannsóknastofnunin til í varúðarskygni að ekki verði veiddar fleiri en 100 langreyðar á ári.

2.28.2.3 Sandreyður.

Samkvæmt talningunum 1995 voru um 9.200 sandreyðar á talningasvæðinu, þar af um 8.800 á íslenska talningasvæðinu. Vegna suðlægrar útbreiðslu tegundarinnar er talið að talningarnar 1989 hafi náð til stærri hluta stofnsins en þá voru um 10.500 sandreyðar vestan og suðvestan Íslands. Miðað við að einu veiðarnar á þessari tegund undanfarin ár hafa verið stundaðar frá Íslandi er sennilegt að stofninn hafi þolað þær vel enda námu þær aðeins 0,6% af áætlaðri stofnstærð. Veiðiþol stofnsins hefur þó ekki enn verið metið né þróaðar aflareglur sem fara mætti eftir við úthlutun aflamarks.

Fylgiskjal II.**Auglýsing frá Sjávarnytjum.**
(Birt í Morgunblaðinu 8. maí 1996.)**Hefjum hvalveiðar.**

Við undirritaðir skorum hér með á Alþingi Íslendinga að sjá til þess að hvalveiðar við Ísland verði heimilaðar strax í sumar.

Útvegsbændafélag Vestmannaeyja,
 Útvegsmannafélag Þorlákshafnar,
 Útvegsmannafélag Suðurnesja,
 Útvegsmannafélag Hafnarfjarðar,
 Útvegsmannafélag Reykjavíkur,
 Útvegsmannafélag Akraness,
 Útvegsmannafélag Snæfellsness,
 Útvegsmannafélag Vestfjarða,
 Útvegsmannafélag Norðurlands,
 Útvegsmannafélag Austfjarða,
 Útvegsmannafélag Hornafjarðar,
 Farmanna- og fiskimannasamband Íslands,
 Vélstjórafélag Íslands,
 Sjómannasamband Íslands,
 Fiskifélag Íslands,
 Verkamannafélagið Dagsbrún,
 Alþýðusamband Íslands,
 Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan,
 Sjómannafélag Reykjavíkur,

Sjómannafélag Ísfirðinga,
 Sjómannafélag Eyjafjarðar,
 Verkalýðsfélagið Framtíðin, Hafnarfirði,
 Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur,
 Verkalýðsfélag Grindavíkur,
 Verkalýðsfélag Borgarness,
 Verkalýðsfélagið Patreksfirði,
 Verkalýðsfélagið Jökull, Ólafsvík,
 Verkalýðsfélag Akraness,
 Verkalýðsfélagið Hörður, Hvalfirði,
 Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur,
 Bændasamtök Íslands,
 Iðnnemasamband Íslands,
 Hvalfjarðarstrandarhreppur,
 Skilmannahreppur,
 Leirár- og Melahreppur,
 Innri-Akraneshreppur,
 Akraneskaupstaður.

Sjávarnytjar
félag áhugamanna um skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda.